

## 139. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, í fundarherbergi Klausturhóla, 5.12.22 kl.15:30.

Mættir: Auðbjörg Bjarnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Pálína Pálsdóttir, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Jón Atli Jónsson, Kristín Ásgeirsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra. Viðhaldsverkefni komin af stað, skipt um gluggana á vaktinni í síðustu viku og hægt að fara í þakkantana á næstunni. Nýting rýma í jafnvægi um áramót. Verið að vinna í að fá leyfi til að fullnýta rými sem til eru í húsinu, t.d. sem biðrými, það væri þá viðbót. Komið tilboð í uppsettningu og kennslu á SAGA-sjúkraskráningarkerfi upp á tæp 600.000. Rekstrarnefnd samþykkir að gengið verði að tilboðinu.  
Velferðartæknilausnir geta tekið við vöktuninni á hitaskynjurunum, startkostnaðurinn er um 200.000. Rekstrarnefnd leggur til að gengið verði að því.  
2. Skýrsla frá heilbrigðiseftirliti. Hjúkrunarforstjóri fór yfir skýrsluna. Engin alvarleg frávik. Skráð frávik eru 13, úrbætur eru hafnar í framhaldi athugasemda.
3. Mötuneytismál. Rekstrarnefnd óskar eftir að skoðaðir verði möguleikar á og kostir við að Klausturhólar taki að sér að annast mótneyti fyrir stofnanir sveitarfélagsins (Klausturhóla, grunn- og leikskóla), enda eru Klausturhólar sú stofnun þar sem langflestar máltíðir eru eldaðar á ársgrundvelli. Tryggja þarf að næringarþarfir eldri borgara séu uppfylltar í samræmi við ráðleggingar landlæknis.
4. Húsnaðismál. Rekstrarnefnd óskar eftir að skoðaðir verði kostir á að þjónustuibúðirnar að Klausturhólum 1 og 2 og annað húsnaði að Klausturhólum verði fært undir rekstur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla.
5. Fjárhagsáætlun. Farið yfir drög að fjárhagsáætlun. Rekstrarnefnd felur hjúkrunarforstjóra og sveitarstjóra að klára áætlunina.
6. Önnur mál.
  - Landlæknisembættið hefur gefið út tilmæli um að eldra fólk sem fær þjónustu á hjúkrunarheimilum séu skimað fyrir áhættu á vannæringu og brugðist við ef þörf er á. Rekstrarnefndin óskar eftir að Klausturhólar taki upp slíka skimun.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:20.

Auðbjorg Bjarnadóttir  
Jón Atli Jónsson  
Kristín Ásgeirsdóttir  
Fanney Ásgeirsdóttir  
Arna G. Matthíasdóttir  
Pálína Pálsdóttir  
Einar Kristján Jónsson